

8. Meðferð mála

Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum. Veiðieftirlitsmenn stofnunarinnar sinna eftirlitsstörfum á vettvangi, en hluti af eftirlitinu fer fram með rafrænum hætti. Þegar grunur vaknar um að brot hafi verið framið gegn fiskveiðistjórnunarlöggjöfni er málinu jafnan skotið til lögfræðisviðs Fiskistofu til framhaldsmeðferðar, verði málinu ekki lokið með einfaldari hætti.

Brotamál

Á árinu 2019 vaknaði grunur um brot gegn lögum og reglum á sviði fiskveiðistjórnunar í rúmlega 1.900 tilvikum. Þar af voru 530 mál vegna vanskila á afladagbókum. Tæplega 1.200 mál voru til afgreiðslu vegna veiða umfram eða án aflaheimildar, en þau teljast, strangt til tekið, ekki öll til beinna brotamála. Í töflu 8.1 má sjá sundurgreiningu á tegundum brotamála.

8.1 Yfirlit yfir brotamál

Flokkun brotamála	
Veiðar án veiðileyfis	8
Brotkast	26
Brot á reglum um vigtun afla	18
– Þar af brot af hálfu vigtunarleyfishafa	10
Framhjálförðun	0
Afladagbókarbrot	23
– Þar að auki mál vegna vanskila á afladagbókum	530
Veiðar án aflaheimilda	30
– Þar að auki mál vegna umframaflla	1.179
Brot á lögum um lax- og silungsveiði	5
Undirmál rangt flokkað	17
Röng tilgreining tegunda	0
Brot við grásleppuveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessari, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	21
Brot við strandveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessarar, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	15
Önnur brotatilvik (t.d. brot gegn reglum um merkingar veiðarfæra, aflaskráningu, vinnslu, tilkynningar, tegundagreiningar síldar og nýtingaprufur).	25

Við skoðun á yfirliti yfir brotamál og meðferð mála skal hafa í huga að sum mál eru þess eðlis að í einu og sama málinu getur komið inn á fleiri en einn brotaflokk og í sumum tilfellum eru mál sameinuð. Slíkt getur skekkt tölfræðina.

Meðferð mála

Á árinu 2019 var 155 málum vísað til lögfræðisviðs til frekari meðferðar, þar sem grunur lék á að brot hefði verið framið gegn fiskveiðistjórnarlöggjöfni. Málsmeðferð lauk í 143 þeirra á árinu, auk 51 annarra mála sem ólokið var frá fyrra ári. Við árslok 2019 voru 12 mál enn til meðferðar hjá lögfræðisviði frá árinu 2019 ásamt 2 frá árinu 2018. Meðferð brotamála getur lokið með ýmsum hætti. Málsmeðferð kann að vera hætt þannig að ekkert verði aðhafst þegar ekki er talið tilefni til beitinga viðurlaga og er þá mál fellt niður. Í einhverjum tilfellum lýkur veiðieftirlitsvið málum með leiðbeiningu til útgerðar. Eftir að málum hefur verið vísað til lögfræðisviðs getur þeim lokið með beitingu stjórnsluviðurlaga, sem eftir atvikum geta falið í sér áminningu, veiðileyfissviptingu eða afturköllun vigtarleyfis. Lítill hluti brotamála er kærður til lögreglu.

Í töflu 8.2 er að finna yfirlit yfir tegundir brotamála sem til meðferðar voru ásamt upplýsingum um málalok.

8.2 Meðferð mála

Brotamál	
Mál kærð til lögreglu	5
Áminningar	74
– Vegna brota gegn reglum um veiðar	38
– Vegna brota á reglum um vigtun og skráningu	14
– Vegna brota á reglum um afladagbók	22
– Annað	0
Veiðileyfissviptingar á grundvelli brotamáls	24
– Vegna brota gegn reglum um veiðar	17
– Vegna brota á reglum um vigtun og skráningu	6
– Vegna brota á reglum um afladagbók	0
– Annað	1
Afturköllun vigtunarleyfis	4
Ekki tilefni til beitingar viðurlaga	41
Mál sent öðru stjórnvaldi	3
Málsmeðferð enn í gangi	12
Leiðrétting í GAFL (hafa ber í huga að mál geta endað með leiðréttingu í GAFL ásamt viðurlögum.)	10
Leiðbeiningarbréf frá Veiðieftirlitsviði	15
Innheimtumál	
Ítrekunarbréf vegna ógreiddra veiðigjalda á árinu 2019	296
– Veiðileyfissviptingar	29
Álagning gjalds vegna ólögmeð sjávaraflla	1.163
– Veiðileyfissviptingar	30